

Stofnanasamningur Milli SFR og Hrafnistu um reglur við röðum starfa.

(samkvæmt 11. kafla í kjarasamningi félagsins og SFH dags. 9. september 2005.)

1. Gildissvið

Samkomulag þetta nær til allra félagsmanna í SFR sem eru í starfi hjá Hrafnistu.

2. Starfaflokkar

Launakerfi stofnunarinnar byggir á eftirfarandi starfaflokkum hjá félagsmönnum SFR

Grunnröðun

Viðupphaf starfs skal taka tillit til eðlis starfsins og starfsmanni raðað í ramma í samræmi við það. Eftirfarandi launaflokkar skulu vera grunnröðun fyrir hvern starfaflokk:

Eftirfarandi störf er grunnröðun starfa:

Baðvörður	04
Aðstm. sjúkraþjálfar	04
Starfsleiðbeinandi	04
Félagsstarf	04
Vaktmaður	04
Sundlaugavörður	05
Bókavörður	07
Símavarsla	07
Verkstjóri starfsleiðbeinanda	07
Hjúkrunaritari	08
Snyrtir	08
Bifreiðastjóri	08
Verkstjóri í borðsal	09
Samskiptafulltrúi	09
Yfirvaktmaður	10
Hárgreiðslumaður	11
Yfirmaður félagsstarfs	10
Skrifstofumaður	10
Læknaritari	11
Bakari	11
Inntöku- og kynningarmál	12
Launafulltrúi	12
Matartæknir	11
Matartæknir með 2ja ára starfsr.	12
Matartæknir með 3ja ára starfsr.	13
Sérhæfður skrifstofumaður	13
Ræstingastjóri	14

Yfirmaður þvottahúss	14
Matreiðslumaður	14
Fésýslufulltrúi/ banki	14
Yfirmatreiðslumaður	18
Forstöðumaður eldhúss	19

- Afleysingamenn í matreiðslu, bakstri og kjötiðnaði skulu raðaðir einum launaflokkum neðar en grunnröðun segir til um.
- Vaktmenn, starfleiðbeinendur og aðstoðarmenn sjúkrahjálfara raðast ekki lægra en lfl. 05 vegna starfsaldurs eða menntunnar.

3. Viðbótarforsendur við mat í launaflokka

3.1. Starfsreynsla

Starfsmaður sem hefur öðlast starfsreynslu hjá stofnuninni skal hækka um launflokka sem að hér segir. Jafnframt er heimilt að meta starfsreynslu hjá öðrum ef hún nýtist í starfi og er því talin starfsreynsla hjá stofnuninni að hluta eða öllu leyti:

- Starfsmaður með þriggja ára starfsreynslu skal hækka um 1 launflokk
- Starfsmaður með fimm ára starfsreynslu skal hækka um 1 launflokk.

3.2. Menntun

Starfsmaður sem hefur menntun sem nýtist í starfi og hefur ekki verið tekið tillit til í grunnröðun starfsins, skal hækka um launaflokka sem hér segir:

- Starfsmaður sem hefur lokið þriggja vetra námi skal hækka um 2 launaflokka

3.3 Starfsnám / símenntun

Starfsmaður sem lokið hefur starfmenntun sem viðurkennd er af samningsaðilum eða starfsmenntun/námskeiðum sem nýtast í starfi skal hækka um launaflokka sem hér segir þegar eftirfarandi tímalend er náð:

- starfsmaður skal, þegar 60 kennslustundum er náð hækka um 1 launflokk
- starfsmaður skal, þegar 120 kennslustundum er náð hækka um 2 launaflokka
- starfsmaður skal, þegar 200 kennslustundum er náð hækka um 3 launaflokka

3.4 Annað.

- a) Heimilt er að hækka starfsmann um launaflokka ef hann/starfið uppfyllir einhverjar neðangreindar forsendur:
- Starfið er felur í sér sérstaka ábyrgð
 - Starfið felur í sér flókin verkefni
 - Starfinu fylgir kennsla eða leiðbeining annarra starfsamanna
 - Starfinu fylgir ráðgjöf innan stofnunar eða utan
 - Starfinu fylgir sérstakt álag, viðvarandi eða árstíðabundið
 - Starfsmaðurinn sinnir starfi á fleiri en einni starfsstöð
 - Starfsmaður sýnir góðan árangur í starfi
 - Starfsmaður sýnir hæfni í samskiptum og samvinnu
 - Starfsmaður sýnir frumkvæði í starfi
- b) Stofnunin skal halda til haga skriflegum forsendum sem liggja að baki hækkun á launflokkum samkvæmt þessum lið. Samstarfsnefnd á rétt á að fá að sjá umræddar forsendur.
- c) Heimilt er að semja við starfmenn um að fastar greiðslur sem eru ekki hluti af grunnlaunum séu metnar sem viðbótarforsendur til hækkunar í launaflokka.

5. Endurskoðun

Endurskoðun samning þessa ber að gera eins og kveðið er um í 11. kafla í kjarasamningi félagsins og SFH 9. sept 2005.

Samningur þessi gildir frá 1. maí 2007.

Reykjavík, 25 maí 2007

Fh. Hrafnistu í Reykjavík og
Hafnarfirði

F.h. SFR – stéttarfélags í almannajónustu